

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr dagsgömlum varphænum eftir móttöku í uppeldishúsinu.

Svona skalt þú taka sýni:

### Sýnatökuplan fyrir varphænur

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
<b>Uppeldi</b>	Dagsgamlir ungar	Uppeldishús	- Kassaklæðing - eða tausýni = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf	
	2 vikum fyrir flutning í varphúsið	Uppeldishús	- 2x150 g saursýni - eða sokkasýni 2 pör = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf	
<b>Fullorðnar Varphænur</b>	Á 15 vikna fresti (1. sýnataka á aldrinum 22-26 vikna)	Varphús	- 2x150 g saursýni - eða sokkasýni 2 pör = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf, nema þegar MAST tekur sýni	1 sýni árlega úr einum hópi hjá hverjum framleiðanda >1000 fuglar

### Sýni með tauklútum

Með tauklútum eða grisjum er tekið sýni af yfirborði botns úr minnst 5 flutningskörfum, sem eru valdar af handahófi, sem samsvarar samtals 1m<sup>2</sup> sýni af yfirborði strax eftir móttöku ungena. Tauklútum er safnað í hreinan nýjan plastpoka. Fyrir sýnatöku skal væta tauklúta í hreinu vatni.

### Kassaklæðning

Eftir flutningi eru teknar óhreinar kassaklæðningar úr minnst 5 flutningskörfum, sem eru valdar af handahófi, þannig að alls eru tekin sýni af minnst 1 m<sup>2</sup>. Kassaklæðningar eru settar í hreinan nýjan plastpoka.

### Frágangur

Merkja skal sýnið vel með rekjanleikanúmer fuglahóps og sýnatökudagsetningu.

Fyllta þarf nákvæmlega út rannsóknareyðublað og senda sýni ásamt rannsóknarbeiðni samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Sýni skal halda frá miklum hita eða sólskini.

Ef ekki er hægt að senda sýni samdægurs eða innan 24 klst. frá sýnatöku þarf að geyma það í kæli við 2-8°C. Athugið að sýni telst óhæft til rannsóknar ef það líða meira en 96 klst. frá sýnatöku og þar til sýni berst rannsóknarstofu.

### Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát

- Einnota hanskar
- Tússpenni og límmiðar
- [Rannsóknareyðublað](#)
- Kassi til sendingar

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Síðast uppfært: 26. september 2016